

Greinargerð um eftirfylgni Yfirlýsingar um málstefnu Norðurlanda ásamt landsskýrslum

1. Samantekt

Greinargerð Norrænu ráðherranefndarinnar um eftirfylgni Yfirlýsingar um málstefnu Norðurlanda er sú fimmta í röðinni. Fyrri skýrslur um eftirfylgni tungumála-yfirlýsingarinnar í löndunum voru lagðar fyrir þing Norðurlandaráðs á árunum 2009, 2011, 2013 og 2015. Skýrslurnar greina frá starfsemi á sviði tungumála á þeim tíma sem liðinn er frá því að síðasta skýrsla var tekin saman.

„Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda“ (tungumálafirlýsingin) segir frá langtíma-markmiðum málstefnu þeirra tungumála á Norðurlöndum sem eru töluð í samfélaginu öllu en þau eru danska, finnska, færeyska, grænlenska, íslenska, norska, samíska og sænska. Ábyrgð á eftirfylgni tungumálafirlýsingarinnar er á höndum landanna sjálfra og geta áherslur á starfssvið og aðgerðir verið mismunandi í norrænu löndunum, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

Norrænt tungumálasamstarf á að styðja við landsbundnar aðgerðir þegar það á við. Á árinu 2018 var ákveðið að tungumálasamstarfið skyldi í ríkari mæli en hingað til eiga þátt í að vekja máls á málefnum sem eru ofarlega á baugi í málstefnum landanna.

Samkvæmt áætlun mun ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) leggja fram nýja samstarfsáætlun á þessu sviði á árinu 2019. Í samstarfsáætluninni verður einnig greint frá pólitískri forgangsröðun á sviði tungumála. Vinnan að samstarfsáætluninni er hafin og fyrsta samráð við Norðurlandaráð verður haustið 2018 þegar leitað verður umsagnar þekkingar- og menningarnefndar ráðsins.

2. Inngangur

Á Norðurlöndum eru öll tungumál jafn rétt há þrátt fyrir að þau gegni ekki öll sama hlutverki. Danska, finnska, íslenska, norska og sænska eru ríkismál. Ásamt færeysku, grænlensku og samísku tungumálunum eru þetta þau tungumál á Norðurlöndum sem eru töluð í öllu samfélaginu. Danska, norska og sænska eru náskyldar tungur sem skiljast innbyrðis og mynda málsamfélag Norðurlanda. Ýmis landsbundin minnihlutamál og táknmál á Norðurlöndum hafa sérstöðu. Rík tungumálaflóra Norðurlanda samanstendur einnig af tungumálum sem eru ekki norræn að uppruna en hafa borist til Norðurlanda á löngum tíma.

1. nóvember 2006 samþykkti ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) „Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda“ (tungumálafirlýsinguna).



Málstefna Norðurlanda byggist á því að allir Norðurlandabúar eigi rétt á:

- að læra eitt tungumál sem talað er og skrifað í samfélaginu öllu með það að markmiði geta tekið þátt í samfélaginu;
- að læra að skilja og þekkja eitt skandinavískt tungumál og öðlast skilning á hinum skandinavísku tungumálunum með það að markmiði að geta tekið þátt í málsamfélagi Norðurlanda;
- að læra alþjóðatungumál með það að markmiði að geta tekið þátt í þróun alþjóðasamfélagsins;
- að standa vörð um og efla sitt eigið móðurmál og minnihlutamál í landi sínu.

Markmiðin með málstefni Norðurlanda eru:

- að allir Norðurlandabúar geti lesið og skrifað það eða þau tungumál sem nýtt eru í samfélaginu öllu þar sem þeir búa;
- að allir Norðurlandabúar geti tjáð sig hver við annan fyrst og fremst á skandinavískri tungu;
- að allir Norðurlandabúar hafi undirstöðuþekkingu á tungumálaréttindum og stöðu tungumála á Norðurlöndum;
- að allir Norðurlandabúar kunni að minnsta kosti eitt alþjóðatungumál mjög vel og annað erlent tungumál vel;
- að allir Norðurlandabúar hafi almenna þekkingu á eðli og hlutverki tungumálsins.

Eigi umrædd markmið að nást bendir tungumálayfirlýsingin á fjögur svið sem unnið skuli með en þau eru:

- Tungumálaskilningur og tungumálakunnátta. Meðal annars þarf að efla hlut grannmálanna í móðurmálskenndu í dönsku, norsku og sænsku og einnig þegar danska, norska og sænska eru kenndar sem erlend tungumál. Tungumál Norðurlanda sem nýtt eru í öllu samfélaginu þurfa að vera sýnileg í opinberu rými (kvikmyndum og sjónvarpi) og vel aðgengileg í bókmenntum, orðabókum og tungutæknilausnum.
- Samhliða notkun ensku og Norðurlandamála og samhliða notkun tungumálanna á Norðurlöndum.
- Mörg tungumál og fjöltyngi. Meðal annars þarf að tryggja að hægt sé að efla lögfest minnihlutamál og styrkja stöðu táknmála.
- Norðurlönd séu forgangssvæði í mállegum efnum, þar á meðal þegar unnið er með málnotkun yfirvalda og norræna líkanið um málsamfélag og tungumálasamstarf.

3. Samstarfið

Ábyrgð á eftirfylgni tungumálayfirlýsingarinnar er á höndum landanna sjálfra og yfirlýsingin er ekki lagalega bindandi. Það þýðir að löggjöf og opinberar skuldbindingar ásamt fjármögnun og forgangsroðun aðgerða geta verið mismunandi í norrænu löndunum fimm, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) ber meginábyrgð á norrænu tungumálasamstarfi en ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) ber



ábyrgð á sínu sviði. Börn og ungmenni eru forgangshópur, alloft beinlínis en yfirleitt óbeint gegnum kennara þeirra. NORDBUK, áætlun samstarfsráðherranna (MR-SAM) um málefni barna og ungmenna, getur veitt styrki til verkefna sem fjalla um tungumál.

Í samræmi við umbótastarf innan Norrænu ráðherranefndarinnar var gerð lítills háttar breyting á umsýslu tungumálasamstarfsins og tekur hún gildi 2019. Er þetta meðal annars gert til að auka sveigjanleika í málefnum og fjármálum miðað við fyrri ár til þess að auðveldara verði að taka á málefnum sem eru ofarlega á baugi í málstefnum landanna.

4. Árangur

Hér á eftir er stutt samantekt á helstu atriðum sem nefnd eru í landsskýrslunum áður en rakinn er helsti árangur í norræni tungumálasamstarfi á árunum 2016–2018.

Landsskýrslurnar

Í skýrslu ársins 2018 rétt eins og í fyrri skýrslum veita norrænu löndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, svör við spurningum sem snerta sviðin fjögur. Landsskýrslurnar leggja meiri áherslu en áður á breytingar og þróunarstrauma en svörin er að finna í fullri lengd í fylgiskjöllum skýrslunnar.

Landsskýrslurnar sýna að lögð er breið áhersla á tungumál á Norðurlöndum og fjallað er um tungumálin sem menningararf, sjálfsmynd þjóða og tjáskiptatæki. Fjallað er sérstaklega um færni í erlendum tungumálum meðal yngri nemenda en einnig háskólastúdenta. Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Færeyjum á þetta við um grannmálaskilning.

Fjallað er almennt um samhliða málanotkun á sviði æðri menntunar þrátt fyrir að mismunandi sé staðið að henni. Danir nefna sérstaklega gerð landsbundinnar málstefnu og stofnun landsmiðstöðvar fyrir erlend tungumál. Finnar greina frá vinnu með svonefndar tungumálásturtur og tungumálaböð en eins og Norðmenn nefna þeir einnig tungumálakennslu fyrir yngstu nemendurna. Álendingar benda á tenginguna við eftirfylgni markmiða ESB um að ungmenni eigi að læra tvö erlend tungumál til viðbótar við móðurmálið.

Færeyingar og Grænlandingar benda á sambandið milli dönsku og ensku sem erlendra tungumála. Í Færeyjum varð danska valfrjáls námsgrein á árinu 2015 en enska er skyldufag á öllum námsbrautum framhaldsskóla. Grænlandingar kannar ólíkar leiðir til breytinga á menntakerfinu en þær munu einnig taka til dönsku og stöðu hennar sem námsgreinar gagnvart ensku. Til stuðnings dönskukennslunni hafa Grænlandingar komið á ferðastyrkjakerfi fyrir námsdvöl við danska heimavistar skóla (efterskoler). Íslendingar geta þess að samningur sem Ísland og Danmörk gerðu um dönskukennsluna hafi haft góð áhrif á dönsku sem námsgrein.

Í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð standa yfir aðgerðir tengdar landsbundnum minnihlutamálum, til að mynda samísku tungumálunum, kvensku, rómaní og kirjálsku.



Svíar vísa til þess að réttindi landsbundinna minnihlutamála jukust á árinu 2018. Finnar kannar möguleika á stafrænni fjarkennslu í samísku. Í Færeyjum tók Málráðið við umsjón með færeysku táknmáli á árinu 2017.

Fjöltyngi sem auðlind og áhersla á börn og ungmenni, menntun og hlutverk menningarinnar eru málefni sem bregður oft fyrir í landsskýrslunum.

Mörg landanna segjast hafa sótt hugmyndir í jákvæða reynslu annarra Norðurlanda-þjóða.

Norrænt tungumálasamstarf

Auk landsbundinna aðgerða fylgir norrænt samstarf eftir ýmsum verkefnum, starfsemi tengslaneta og styrkjakerfum.

Tungumálaskilningur og tungumálakunnátta

Tiltölulega stórum hluta fjárveitingar Norrænu ráðherranefndarinnar er varið til aðgerða sem fjalla um tungumál. Einn fjárlagaliður ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) er eyrnamerkur tungumálasamstarfinu og kemur hann til viðbótar við menntunaráætlunina Nordplus. Ein undiráætlun Nordplus fjallar beinlínis um tungumál á Norðurlöndum sem töluð er í samfélaginu öllu en einnig er eyrnamerkt fé í Nordplus Junior til starfsemi sem felur í sér hreyfanleika og tengist tungumálum. Verkefni sem tengjast tungumálum er að finna í öllum undiráætlunum, til að mynda Nordplus Voksen sem styður tungumálaverkefni fyrir fullorðna með aðlögun og samfélagsþátttöku að markmiði. VOLT er nýtt styrkjakerfi á menningarsviði fyrir börn og ungmenni, menningu og tungumál. Veitir það styrki til norræns tungumálasamstarfs en einnig annarrar starfsemi á menningarsviði og NORDBUK, áætlunar samstarfsráðherranna um málefni barna og ungmenna.

Stór hluti ráðstöfunarfjár á tungumálasviði er eyrnamerkur Áætlun um tungumálanámskeið en hún stendur að ýmsum námskeiðum fyrir ólíka markhópa sem öll eiga það sameiginlegt að miðla þekkingu og færni í tungumálum Norðurlanda. Að sögn aðstandenda tungumálanámskeiðanna er mikil ánægja almennt með námskeiðin.

[Nordkurs](#) stendur að sumarnámskeiðum á háskólastigi í tungumálum, bókmenntum og menningu Norðurlanda. Boðið er upp á námskeið í dönsku, finnsku, finnska-sænsku, færeysku, grænlensku, íslensku, norsku og sænsku og er hvert námskeið 10 ECTS-einingar. Engin námskeið eru í samísku enn sem komið er þar sem ekki hefur tekist að finna samstarfsaðila til að annast þau. Nordkurs-námskeiðin hófu göngu sína á sjöunda áratug síðustu aldar. Þau gegna mikilvægu hlutverki þegar margar menntastofnanir leggja niður störf sendikennara og kennslu í fámönnum tungumálum.

[Nordsprog](#) er norrænt tengslanet félaga móðurmálskennara og kennara í norrænum tungumálum sem erlendum tungumálum. Nordsprog býður upp á námskeið og ráðstefnur um bókmenntir, menningu og kennslufræði fyrir kennara í grunnskólum og framhaldsskólum og kennara hjá kennaramenntastofnunum. Félögin gefa út



fastímarit þar sem hægt er að miðla efni með norrænu sjónarhorni. Nordsprog var stofnað í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar.

Norrænar perlur er sameiginlegt heiti námskeiða- og ráðstefnustaða í Danmörku, Noregi og Finnlandi sem eru í eigu tvíhliða sjóða sem hafa um margra áratuga skeið boðið upp á námskeið fyrir kennara, kennara hjá kennaramenntastofnunum og kennaranema. Perlurnar hafa einnig tekið þátt í að fjármagna verkefnið Nordiske sprogpiloter allt frá upphafi.

Perlurnar halda einnig námskeið sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar fyrir kennaranema sem eru fyrir utan þau námskeið sem tvíhliða sjóðirnir fjármagna.

Perlurnar eru:

- [Hanaholmen](#) menningarsetur Svíþjóðar og Finnlands sem sér einnig um innlenda verkefnið [Svenska nu](#). Svenska nu hefur hlotið tungumálaverðlaun Evrópu-sambandsins.
- [Fondet for dansk-norsk samarbeid](#) heldur námskeið á [Schæffergården](#) (í Danmörku) og á [Lysebu](#) sem er gjöf norsku þjóðarinnar til Danmerkur.
- [Voksenåsen](#) (Noregi) er gjöf norsku þjóðarinnar til Svíþjóðar.
- Perlurnar eiga samstarf við [Biskops Arnö](#) sem er norrænn lýðháskóli í Svíþjóð.

[Nordiske sprogpiloter](#) er verkefni sem hóf göngu sína á árinu 2007 og býður upp á endurmenntun fyrir kennara í dönsku, norsku og sænsku sem vilja auka færni sína í kennslufræði grannmála og koma samstarfsfólki sínu til aðstoðar í þeim efnum. Sú menntun sem Nordiske sprogpiloter býður upp á er ætluð kennurum í grunnskólum og framhaldsskólum. Verkefnisstjórinn hefur hlotið tungumálaverðlaun Evrópu-sambandsins fyrir starf sitt í þágu Nordiske sprogpiloter.

Til viðbótar við styrkjakerfin á menntamála- og menningarsviði og fast námskeiða-hald má nefna önnur norræn verkefni, til að mynda Norræna tilraunabekki, Norrænt skólaspjall á Degi Norðurlanda, gerð kennsluefnis í tengslum við norsku sjónvarps-þáttaröðina SKAM (2017), Norræna tungumálhátíð þegar Árósar voru evrópsk menningarborg (2017) og Norrænu kvikmyndagáttina (2016, sem menningarsviðið átti frumkvæði að og fjármagnaði). Mörg verkefni hafa fengið aukafjárveitingar af ráðstöfunarfé fagsviðanna eða að frumkvæði formennskulandsins en önnur verkefni hefur tungumálasamstarfið fjármagnað en umsýsla þess er á höndum utanaðkomandi aðila.

Samhliða tungumálanotkun

Norrænn starfshópur skipaður sérfræðingum frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð vann skýrsluna „More parallel please!“ árið 2017. Skýrslan var send norræna samstarfsnetinu um stefnumótun á sviði æðri menntunar, NUS (samstarfsstofnun norrænna háskóla) og NUAS (samtökum stjórnenda norrænna háskóla) til kynningar og hugsanlegrar eftirfylgni. Skýrslan inniheldur ýmsar tillögur um bestu starfshætti í málstefnu háskólanna og samhliða notkun ensku og móðurmálsins/móðurmálanna. Í skýrslunni eru jafnframt tillögur að viðmiðum til að fylgjast með þróuninni framvegis. Skýrslan var gefin út í samhliða



útgáfu á ensku og dönsku en þar er fylgt eftir niðurstöðum sem fram komu í landskýrslunum í ritinu „Hvor parallelt“ frá árinu 2013.

Mörg tungumál og fjöltyngi

Á árinu 2011 var stofnað norrænt tengslanet um táknmál á Norðurlöndum. Tengslanetið hefur meðal annars átt samstarf við tengslanet sem fyrir voru á vegum málnefndanna á Norðurlöndum, en tengslanetin hafa að eigin ósk ákveðið að sameina ekki starfsemi sína.

Tengslanetið heldur úti bloggsíðu þar sem sagt er frá norrænu táknmálasamstarfi og norrænum táknmálum.

Undiráætlun Nordplus um tungumál breytti um nafn á árinu 2018 og heitir nú *Nordplus Tungumál Norðurlanda (Nordplus Nordens sprog)*. Er það gert til að árétta að áætlunin einkorðast ekki við skilning á grannmálunum, það er dönsku, norsku og sænsku, heldur fjallar hún einnig um þekkingu og færni í öðrum tungumálum sem töluð eru í öllu samfélaginu á Norðurlöndum svo og táknmálum Norðurlanda. Ýmsar breytingar voru gerðar á umsýslunni til þess að Nordplus-áætlunin yrði betur í stakk búin til að efla norræn samstarfsverkefni og tengslanet í fámönnum fagumhverfum. Tvíhliða samstarf á til dæmis að geta sótt um allt að 75% norræna fjármögnun og styrk fyrir launakostnaði.

Rætt var um fjöltyngi á óformlegri dagskrá á fundi norrænu menntamála- og rannsóknaráðherranna (MR-U) í apríl 2018.

Þverlægt samstarf um tungumál

Rúmlega 50% aðspurðra á aldrinum 16–30 ára benda á hreyfanleika sem helsta kostinn við norrænt samstarf („Dýrmætt samstarf“, 2017). Í fyrri könnunum á gagnkvæmum skilningi framhaldsskólanema á grannmálunum dönsku, norsku og sænsku var niðurstaðan sú að tungumálaskilningur færi minnkandi. Í ljósi þessa ákvað menningarsviðið ásamt danska menningarráðuneytinu og norrænu menntamálaráðherrunum (MR-U) að verja fé í forkönnun á árinu 2015 sem tók fyrir reynslu ungs fólks alls staðar að á Norðurlöndum sem hefur stundað nám eða starfað í nágrennlöndunum Danmörku, Noregi eða Svíþjóð. Könnunin leiddi í ljós að unga fólk hafi góða reynslu af notkun tungumálanna, að það grípur aðallega til enskunnar ef eitthvað er torskilið en talar skandinavísku málin til að tengjast félagslega. Niðurstöður könnunarinnar „Man skal bare kaste sig ud i det“ (2016) voru ræddar á hádegisverðarfundi menningarráðherranna (MR-K) og menntamála- og rannsóknaráðherranna (MR-U) í nóvember 2016.

Getur þetta bent til þess að starfsemi sem felur í sér hreyfanleika stuðli að bættum tjáskiptum milli dönsku, norsku og sænsku á Norðurlöndum auk þess sem góð tungumálakunnátta er gott veganesti í ferðalög.

Styrkjakerfin Nordplus, VOLT, NORDBUK, Lista- og menningaráætlunin og Norræni menningarsjóðurinn stuðla að ýmsan hátt að skilningi á tungumálum og menningu



með starfsemi sem felur í sér hreyfanleika og viðtæku starfi á sviði tungumála þar sem stutt er við samskipti einstaklinga með ýmsum aðgerðum.

Fylgiskjal/-skjöl

Fylgiskjal 1	Landsskýrsla Danmerkur 2018
Fylgiskjal 2	Landsskýrsla Finnlands 2018
Fylgiskjal 3	Landsskýrsla Færeyja 2018
Fylgiskjal 4	Landsskýrsla Grænlands 2018
Fylgiskjal 5	Landsskýrsla Íslands 2018
Fylgiskjal 6	Landsskýrsla Noregs 2018
Fylgiskjal 7	Landsskýrsla Svíþjóðar 2018
Fylgiskjal 8	Landsskýrsla Álandseyja 2018